



GUL / BLÁA

blaðið
2016





Gjafakort Íslandsbanka

GJÖFIN SEM
ER ALLTAF EFST
Á ÓSKALISTANUM

Einfaldaðu ákvörðunina
með gjafakorti Íslandsbanka

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum
í næsta útibúi Íslandsbanka.



Íslandsbanki

⚡ NJÓTTU BESTU KJARA ⚡
Á
GLERÁRTORGI OG BALDURSNESI



Fáðu lykil á www.atlantsolia.is





NOKKUR ORÐ FRÁ FYRIRLIÐANUM

Í íþróttum er mun skemmtilegra að vinna en tapa. Um það eru allir sammála. Við getum samt ekki alltaf unnið og þá skiptir máli að kunna að takast á við það. Við megum ekki láta tapið brjóta okkur niður heldur nýta það til að „mótívera“ okkur fyrir næsta leik, rífa okkur í gang eins og sagt er. Einhvers staðar heyrði ég sagt að hæfileikar geri þig áhugaverðan en hugarfar geri þig góðan. Hugarfar hefur mikil áhrif á árangur í íþróttum og þá skiptir máli að hafa metnað og vilja til að ná langt. Í jöfnum leikjum er það oft liðið sem nær að virkja rétta hugarfarið sem sigrar að lokum. Það eru nefnilega margir sem æfa mikið og skipulega við toppaðstæður og með alla þá hæfileika sem þarf til en það geta ekki allir orðið sigurvegir. Gott jafnvægi milli æfinga og hvíldar ásamt heilbrigðu mataræði og lífsstíl er lykilatriði í að ná langt, en oft er það hugarfarið sem ræður úrslitum. Lið sem gefst aldrei upp getur náð að skora úrslitamark á lokamínútunum. Það eru líka sætustu sigirnir að finna að þú og liðið hafið lagt allt í leikinn. Rétt eins og það eru fúlustu töpin þegar liðið nær ekki að skila sínu besta og þú finnur að þú hefir sjálfur átt að gera betur. Þá skiptir líka máli að hafa sjálfstrausti í lagi, passa að gera greinarmun á sjálfstrausti og hroka og láta ekki mótlæti brjóta sig niður. Sagt er að það sem drepi þig ekki styrki þig. Ég held að mikið sé til í því en til þess þarftu að vinna þig vel í gegnum mótlæti og passa upp á hugarfarið. Við heyrum oft talað um vanmat ef leikir tapast óvænt. Vanmat, virðingarleysi og hroki, ásamt reiði, eru neikvæðir hugafarsþættir sem eru ekki líklegir til að skila miklum árangri í íþróttum. Þannig hugsanir leiða gjarnan til einbeitingarleysis sem er þá oft ávisun á tap.

Síðasta fótboltasumar hjá okkur í KA liðinu var mjög skemmtilegt og ég veit að það á eftir að standa upp úr í minningunni þegar frá líður. Við unnum marga leiki, sem er einfaldlega ótrúlega gaman. Væntingarnar voru miklar, markmiðin skýr og í lok sumars höfðum við náð öllu því sem við ætluðum okkur. Þjálfararteymið, leikmenn, stjórn og starfsmenn KA, ásamt ótrúlegum fjölda sjálfbóðaliða, lögðu á sig mikla vinnu og saman náðum við því langþráða markmiði að koma liðinu okkar í deild þeirra bestu. Ekki má gleyma okkar frábæru stuðningsmönnum, Schiöthörum, sem lögðu á sig hundruða kílómetra akstur til að hvetja okkur. Allt þetta frábæra fólk á sinn þátt í árangrinum.

Takk allir fyrir ykkar framlag - Sjáumst í Pepsi '17

Davíð Rúnar Bjarnason

ÁFRAM KA



„EINHVERS STAÐAR HEYRÐI ÉG
SAGT AÐ HÆFILEIKAR GERI ÞIG
ÁHUGAVERÐAN EN HUGARFAR
GERI ÞIG GÓÐAN.“



SPENNANDI TÍMAR OG BJÖRT FRAMTÍÐ HJÁ KA



”Sævar Pétursson er framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar KA en hann er reyndar einnig framkvæmdastjóri félagsins og því er í mörg horn að líta hjá honum. Bláðamaður settist niður með Sævari á dögnum og spjallaði við hann um sigrana í sumar og framtíðina hjá KA og allt þar á milli.

Það eru ekki allir sem átta sig á því út á hvað rekstur knattspyrnudeildar hjá félagi á borð við KA gengur. Við báðum Sævar að segja okkur frá þeim áskorunum sem félagið þarf að takast á við.

Rekstur knattspyrnudeildar KA er að verða eins og rekstur meðal fyrirtækis hér í bænum og því er að mörgu að huga. Við erum með um 20 manna hóp sem kemur að þjálfun yngri flokka hjá okkur og sex til sjö manna teymi sem kemur að meistaraflökknum ásamt öllum þeim leikmönnum sem eru samningsbundnir félaginu. Það þarf að huga að undirbúningi leikja, samningamálum við leikmenn og þjálfara, ganga frá samningum við styrktaraðila, sinna samskiptum við KSÍ og önnur aðildarfélög þess, svo eitthvað sé nefnt. Mótahald er líka orðið stór hluti af okkar rekstri með Stefnumótum, Íslandsbankamóti og svo N1 mótinu sem er annað af tveimur stærstu mótum landsins. Einnig eru líka nokkrir viðburðir á vegum deildarinnar s.s. þorablót, Jólábíngó, uppskeru-hátíðir, herrakvöld o.fl. Í sumar bættum við síðan við KA-TV og upptöku á mörgum leikjum sem þarf að fara yfir og leikgreina þannig að það er í mörg horn að líta hjá deildinni til að halda þessu gangandi.

KA hefur stefnt upp í deild þeirra bestu núna í nokkur ár. Hvað telur þú að hafi helst orðið til þess að það tókst í haust?

Ég held að það hafi ekki verið eitthvað eitt sem skilur endilega á milli í ár samanborið við önnur ár. Við ákváðum fyrir tveimur árum að breyta allri umgjörð í kringum liðið og gera allt í kringum liðið meira og betra. Ætlunin var að búa til umgjörð sem mundi sæma úrvalsdeildarliði því þar töldum við að KA ætti að vera. Árið 2016 gengu síðan hlutirnir loksins upp og á Túfa og hans fólk mikið hrós skilið fyrir sína vinnu í bland við góðan leikmannahóp sem þarf alltaf að vera til staðar til þess að slíkur árangur náist.

Hvert er markmið félagsins á næsta tímabili og á næstu árum?

Fyrir tveimur árum síðan þá settist hér niður um 20-30 manna hópur sem kom að stefnumótun fyrir knattspyrnudeildina til fimma ára og erum við að vinna eftir því plani í dag. Þetta held ég að hafi verið mikið gæfuspor fyrir okkur því eftir þessa vinnu þá vissu allir sem komu að félaginu eftir hverju menn

voru að vinna. Nú á næstu vikum þá er hugmyndin að setjast aftur niður og halda áfram með slíka stefnumótun og uppfæra þannig okkar markmið. Markmiðið sem við settum okkur fyrir tveimur árum var að taka 1-2 ár í að koma liðinu í úrvalsdeild og í framhaldi af því að taka næstu 3-4 ár í að tryggja liðið sem eitt af 5-8 sterkustu liðum landsins. Eftu 4-5 liðin á landinu eru aðeins á undan öðrum liðum bæði fjárhagslega og hvað varðar aðstöðu. Við teljum að ef okkur takist að byggja liðið þannig upp á næstu 2-3 árum að KA verði lið sem verður stöðugt í 5-8 sæti þá sé hægt í framhaldi af því að kroppa í Evrópusæti en slíkur árangur næst ekki án mikillar vinnu þjálfara, stjórnar, sjálfbóðaliða og drengjanna í hópnum. Við þurfum öll að leggja mikið á okkur og róa í sömu átt.

Hversu langt getur þetta lið sem Túfa er með í höndun-um náð?

Eins og ég segi þá gerum við okkur vonir um að liðið okkar geti orðið það sterkt að það verði í baráttunni um 5.-8. sæti á Íslandi en við verðum ekki að berjast í fallbaráttu. Við gerum okkur um leið grein fyrir því að það er stutt á milli í þessu og það þarf kannski lítið útaf að bregða til þess að liðið verði í fallbaráttu og líka ef hlutirnir falla með okkur þá mætti láta sig dreyma.

Hversu miklu máli skipti fyrir KA að fá loksins gervigras-völl á félagssvæðið?

Ég tel að það skipti miklu máli fyrir okkur. Áður en gervigrasvöllurinn kom þá voru iðkendur okkar í knattspyrnu á KA-svæðinu 3-4 mánuði á ári en eru nú meira og minna allt árið hér þó svo við æfum í Boganum líka. Þetta hefur aukið fjöldann á KA-svæðinu og það er það sem við viljum, að hér sér líf og fjör alla daga og iðkendur og fjölskyldur þeirra séu hér hjá okkur.

Hvernig sérðu framtíðina? Eigum við von á því að það gangi sterkir árgangar og eða leikmenn upp í meistara-flokk á næstu árum?

Já ég tel það að við séum með frábært barna og unglingastarf sem eigi eftir að skila af sér flottum drengjum og stúlkum upp í meistaraflökka félagsins á næstu árum. Við þurfum að gæta þess vel að hlúa að öllum sem sækja æfingar hvort sem það er afreksmiðað eða ekki. Það er einungis lítið hlutfall af öllum sem æfa hjá okkur sem skara á endanum framúr og nauðsynlegt fyrir okkur að bæta í afreksstarfið hjá okkur til að styðja við þá sem gera það en á sama tíma að gæta þess að það bitni ekki á okkar almenna starfi. Til þess að KA geti átt lið í fremstu röð á Íslandi þá verður félagið að geta búið til sína eigin leikmenn og verður félagið alltaf að hafa 10-15 heima-menn í 25 manna leikmannahópi félagsins.



Hversu mikilvægt er sjálft félagsstarfið hjá félagi á borð við KA og hvað höfum við gert og ætlum að gera til að halda í félagana og halda hópinn? Vinnur knattspyrnudeild að þessum málum sérstaklega eða heyrta þau undir stjórn og framkvæmdastjóra félagsins?

Félagsstarfið er öllum íþróttafélögum gríðarlega mikilvægt og er KA engin undantekning þar á. Ég held að allar deildir félagsins vinni að því að fá fólk að félaginu hvort sem það er með vinnu í stjórnun og ráðum eða að hjálpa til við mótin okkar, jólabingó, herra- og konukvöld eða hverja þá viðburði sem þarf til þess að láta félagið ganga. Án sjálfbóðaliða og góðs félagsstarfs þá gengur rekstur íþróttafélags eins og KA einfaldlega ekki upp. Ég vil því bara nota tækifærið til þess að þakka öllum sem koma að sjálfbóðaliðastarfinu hjá félaginu og gefur því tíma sinn, án þeirra gengi okkar starf ekki upp.

Nú ert þú framkvæmdastjóri bæði félagsins og knattspyrnudeildar, hvernig gengur að samræma þín störf fyrir knattspyrnudeild annars vegar og fyrir félagið hins vegar?

Þetta er góð spurning og hef ég fengið hann nokkru sinnum. Ég er ráðinn inn sem framkvæmdastóri félagsins og fyrir tveimur árum þá var gerð sú breyting að starf framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar var lagt niður. Á sama tíma var fjölgað á skrifstofu félagsins þannig að í raun og veru var þetta skipulagsbreyting frekar en að ég væri að taka að mér aðra framkvæmdastjórastöðu. Það er þannig í rekstri íþróttafélaga að framkvæmdastjóri félagsins er ábyrgur gagnvart öllum deildum félagsins hvort sem um er að ræða fjármál,

skattamál o.s.frv. þó svo að deildir séu með sína eigin framkvæmdastjóra þá er ábyrgðin alltaf á hendur framkvæmdastjóra félagsins. Aðalstjórn KA fannst þetta vera einfaldara að það væri einn framkvæmdastjóri sem hefði aðra starfsmenn með sér á skrifstofu til að sinna öllu félaginu. Vissulega fer mikil tími í rekstur knattspyrnudeildarinnar hjá okkur en það er mjög eðlilegt þar sem hún er langfjölmennust innan félagsins en ég vona að við sem erum á skrifstofunni náum að sinna öllum deildum nokkuð jafnt og klára öll þau mál sem þarf að vinna hverju sinni.

Eitthvað að lokum?

Undanfarin ár þá hefur starf félagsins vaxið gríðarlega hratt og iðkendum fjölgað mikið þannig að ég vil fá að nota tækifærið til þess að hvetja fólk til þess að taka þátt í starfinu okkar og hafa samband við okkur ef það vil leggja félaginu hjálparhönd á einhvern hátt. Einnig óska ég bara öllum KA-mönnum nær og fjær gleðilegrar hátíðar.

LIFI-FYRIR-KA!





TUFA

„Eins og öllum ætti að vera kunnugt komst KA liðið upp um deild í sumar. Næsta sumar mun KA leika í deild þeirra bestu, eftir 12 ára bið. Þjálfari liðsins er okkar eini sanni Srdjan Tufegdžić, sem hefur verið hjá félaginu síðan 2006.

Ekki nóg með að KA liðið komst upp um deild, heldur voru þeir lang besta lið deildarinnar. Þeir sigruðu deildina með 9 stiga forskot á næsta lið og 15 stiga forskot á liðið sem var í þriðja sæti. Það var orðið ljóst laugardaginn 3. september, þegar að KA sigraði Selfoss á heimavelli, að KA færi upp um deild.

Gulbláa blaðið settist niður með Túfa, eins og hann er ávalt kallaður, og spjallaði um sumarið, veruna hjá KA og á Akureyri, og hvernig næsta tímabil leggst í hann: „Það var mikil vinna lögð í þetta frá öllum. Frá stjórninni, þjálfarateyminu, stuðningsmönnum og leikmönnum. Það miðaði allt af þessu frá því 1. nóvember 2014. Æfingar, leikmannamál, umgjörð og undirbúningur fyrir leiki. Við stefndum á því að keppa um efstu tvö sætin frá upphafi en ástæðan fyrir því að sumarið gekk svona vel var það að við vorum með stöðugleika. Við fengum nánast jafn mörg stig úr fyrri og seinni umferðinni. Þegar upp er staðið er það sennilega ástæðan fyrir velgengni okkar.“ sagði Túfa.

Túfa kom til KA fyrir 10 árum síðan og hóf feril sem leikmaður. Hann er ekki nema 36 ára í dag og hætti því að spila fótbolta frekar ungur. Líf Túfa hefur og mun sennilega alltaf snúast um fótbolta og því hefur verið erfitt fyrir hann að hætta sem leikmaður: Ég var að ströggla með meiðsli síðustu tvö árin sem ég var að spila og var eiginlega meira hjá sjúkrabjálfa en á vellinum. Eftir að ég hætti fann ég ákveðinn létti fyrstu 2-3 mánuðina og fljótlega eftir að ég hætti bauðst mér að verða aðstoðarþjálfari hjá Bjarna [Jóhannssyni, þáverandi þjálfara KA] og það hjálpaði mér helling að vera með í öllu ennþá og ef

„Stemmingin er mjög góð. Það eru allir, leikmenn, þjálfarar, stjórnin og stuðningsmenn, spenntir fyrir sumrinu.“



Þetta hefði ekki komið til hefði verið mjög erfitt fyrir mig að slíta mig alveg frá fótbolta, þrátt fyrir að þjálfari yngri flokka en það er bara öðruvísi.“ sagði Túfa Nánast frá því að Túfa lenti á Akureyri hefur hann verið viðriðin yngriflokkabjálfun hjá KA við mjög góðan orðstír. Hvernig kom það til? Það var ekki hægt að vinna með fótboltanum út í Serbíu þannig ég hafði aldrei þjálfað yngri flokka áður þegar ég kom til Íslands. Óskar Þór Halldórsson var framkvæmdarstjóri knattspyrnudeildar á þessum tíma og hann bauð mér að fara að þjálfari yngri flokka yfir veturinn. Þetta var lykilinn að því að ég fór að búa á Íslandi 12 mánuði á ári. Ég hafði alltaf haft það markmið að fara að þjálfari eftir að ég myndi hætta að spila. Líf mitt hefur alltaf snúist bara um fótbolta. Þegar ég byrjaði að þjálfari yngri flokka fór ég strax að setja mér markmið í þjálfun og fór að mennta mig og var fljótur að ná í UEFA gráðurnar.“ sagði Túfa

Eins og er kunnugt tók Túfa við KA-liðinu á miðju tímabili af Bjarna Jóhannssyni þegar KA var í erfiðri stöðu í baráttunni um að komast upp sumarið 2015. Hvernig fannst Túfa að taka við liðinu á þessum tímamarki? „Það vissu allir í félaginu og Bjarni líka að það hafði alltaf verið markmið mitt að verða aðalþjálfari KA einhverntíman. En kannski ekki á þessum tímamarki. Þegar ég talaði við stjórnina og Bjarna kom samt aldrei til greina að segja nei þegar mér bauðst þetta. Við vorum í erfiðri stöðu þegar ég tók við og vorum langt frá því að fara

upp. Liðið var í smá niðursveflu en þegar ég tók við sagði ég við strákana að við ættum bara að gera það sem við gerum best: að spila fótbolta. Það gekk vel eftir og vorum við nálægt því að fara upp þegar mótið var að klárast,“ svaraði hann. Að lokum var Túfa spurður hvernig stemmingin væri fyrir komandi tímabili í deild þeirra bestu?

„Stemmingin er mjög góð. Það eru allir, leikmenn, þjálfarar, stjórnin og stuðningsmenn, spenntir fyrir sumrinu, að spila á hæsta leveli á Íslandi. Þetta verður stórt stökk fyrir félagið og þetta verður erfitt. Ég tel að við verðum klárir þegar mótið byrjar. Við erum með flottan leikmannahóp og góðan grunn fyrir efstu deild. Stjórnin er líka klár að taka þetta skref að fara með klúbbinn á næsta stig.“ sagði Túfa hress og kátur að vanda.

Gulbláa blaðið þakkar Túfa fyrir það gefa sér tíma til að spjalla við okkur og óskar honum og liðinu að sjálfsögðu góðs gengis í efstu deild í sumar.





ERUM AÐ GERA VEL EN ÆTLUM AÐ GERA BETUR!



”Fótboltinn er í sókn á Brekkunni svo eitt er víst. Þór/KA hefur um árabil verið meðal bestu liða landsins og í sumar tókst langþráð markmið þegar strákarnir komust í deild þeirra bestu þegar þeir sigruðu Inkasso-deildina með miklum yfirburðum.

Yngriflokkastarfið hefur orðið öflugara ár frá ári. Róm var ekki byggð upp á einum degi og það sama má segja um yngriflokkastarfið okkar. Í gegnum tíðina hefur öflugt fólk myndað yngriflokkaráð sem hefur haldið vel utan um starfið. Einnig höfum við verið heppin með þjálfara sem hafa gefið sig í þjálfunina hverju sinni og rúmlega það.

Eins og sjá má í umfjöllun um einstaka flokka (á síðum 11-18) er sumarið uppskerutími þar sem iðkendur upplifa að fara á helgarmót og keppnisferðir á Íslandsmóti um allt land. Einnig iðar félagssvæðið af lífi þar sem æfingar eru frá morgni til kvölds alla virka daga og flest allar helgar lið að spila á Íslandsmóti á gervigrasinu.

Gaman er að segja að KA vann flestar KSÍ keppnir allra liða sumarið 2016. Meistaraflokkur karla varð Inkassameistari, 2. fl þór/KA varð Íslandsmeistari, 3. fl karla varð Bikarmeistari Norður- og Austurlands, 3. fl karla B-lið varð Íslandsmeistari,

6. fl karla varð Pollamótsmeistari í A-, B-, C-liðum og 6. fl kvenna varð Hnátumótsmeistari í A-, B- og C-liðum.

Ásamt hefðbundnu yngriflokkastarfi þá er ekkert félag og Íslandi sem er með jafn mörg aukaverkefni sem skilar sér í auknu fjármunum til að gera starfið enn betra. Yfir vetrar tíman eru tvö dagsmót fyrir 6.-8. fl, þrjú helgarmót fyrir 3.-4. fl og glæsilegt bingó. Ekki er minna að gerast í starfinu okkar yfir sumartímann þar sem Arsenalskólinn hefur verið um miðjan júní, í fyrsta sinn síðasta sumar vorum við með stórt mót fyrir stelpurnar í 7. fl þar sem lið af öllu landinu mættu á svæðið og loks ber að nefna glæsilegt N1-mót sem knattspyrnudeildin heldur en yngriflokkarnir koma að með öflugum vinnuafli. Öll þessi verkefni gerir það að verkum að við getum boðið upp á eitt besta yngriflokkastarf á landinu. Sjálboðavinnan sem unnin er hjá félaginu er því ómetanleg.

ÓTRÚLEG FJÖLGUN EN HVAÐ VELÐUR?

Í sumar voru iðkendur 16 ára og yngri yfir 650 en fyrir einungis fimm árum voru 400 iðkendur. Það æfa alltaf færri hjá okkur á veturnar en fjölgunin þar er einnig vonum framari en í vetur eru yfir 500 iðkendur en fyrir einungis fjórum árum voru þeir færri en 300. Það er ljóst að margir þættir spila inni að fjölgun iðkenda hefur verið mjög mikil á síðustu árum. Hér eru nokkrir punktar sem hafa haft áhrif.

Hið augljósa er að hverfið hefur stækkað til muna og því fleiri börn sem búa á KA-svæðinu. Það eru þó einnig aðrir þættir sem hafa einnig haft áhrif. Sumarið 2013 þá var tekin í notkun glæsilegur gervigrasvöllur sem hefur verið aðalæfingavöllur KA yfir sumarmánuðina. Einnig hefur völlurinn verið bylting í ástundun eldri iðkenda sem hafa æft og keppt á velinum alla mánuði ársins. Þá var KA-rútan tekin í notkun veturinn 2014/2015 hjá 6. og 7. fl sem hefur mælst mjög vel fyrir.



Góður árangur landsliðina hafa gefið stúlkum og drengjum um allt land fyrirmyndir. Leikmenn landsliðana hafa sýnt hvað er hægt að gera með vinnusemi og einstöku hugafari. Kvennalandsliðið komst fyrst á lokamót EM 2009 sem hafði þau áhrif að það var mikil fjölgun stúlkna í fótbolta á landinu. Fjórum árum seinna gerði liðið enn betur þegar það komst í 8-liða úrslit. Eins og frægt er komst karlalandsliðið einnig í 8-liða úrslit í sumar eftir sanngjarnan sigur gegn Englandi. Árangur landsliðina sína því að ekkert er ómögulegt og ætti að gefa ungum og efnilegum iðkendum hvatningu að ná enn lengra en áður. Hægt er að heimfæra þetta á meistaraflokksliðin okkar sem bæði stóðu sig mjög vel síðasta sumar.

Öflugt þjálfarateymi sem hafa mikinn metnað að gera eins vel og kostur er. Þjálfarahópurinn hefur stækkað og í honum er gott sambland af reynslu miklum þjálfurum og efnilegum þjálfurum.

MARKMIÐ YNGRIFLOKKA KA

Megin markmið í þjálfun yngriflokka KA er að iðkendum líði vel og finnist skemmtilegt að æfa knattspyrnu.

Knattspyrnuíðkun hjá KA skal vera þroskandi félagslega, sálrænt og líkamlega. Þjálfarar setja upp æfingar við þroska og getu hvers og eins sem reynir almennt á þol, styrk, snerpu og liðleika. Æfingarnar eiga einnig að vera sérhæfðar sem krefjast að samhæfingar, tækni og leiksskilings. Allir þessir líkamlegu eiginleikar hér að ofan koma þó af litlu gagni ef iðkendur tileinka sér ekki að vinna í hóp, takast á mótlæti, tileinki sér hugafar sigurvegarans, háttvísi og íþróttamannslegaframkomu og svo lengi mætti telja. Það er því mikilvægt að huga að félagslegum og sálrænum þáttum til að hjálpa iðkendum að eflast og dafna í starfinu okkar.

Ef þjálfarar, iðkendur, foreldrar og allir sem koma að starfinu vinna að heilum hug að þessum markmiðum þá búum við til gott umhverfi fyrir börn á Akureyri og nærsveitum til þroskast sem einstaklingar og fótoltamenn.

NÆSTU SKREF?

Tveir af færustu þjálfurum sem hafa komið að íslenskrí knattspyrnu eru þeir Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerback. Þeir eru báðir sammála um að barnaþjálfun á Íslandi er í heimsmaelikvarða en þegar iðkendur komast á tánings-

aldurinn eru mörg lönd að vinna markvissara afreksstarf. Á árinu sem þeir er að líða hafa þeir báðir ásamt Arnari Bill Gunnarssyni fræðslustjóra KSÍ kallað eftir að félögin geri meira fyrir þá iðkendur sem skara framúr á aldrinum 14-19 ára.

Næstu skref eru því að bæta enn frekar almenna þjálfun hjá KA með markvissara starfi en áður. Stærsta skrefið er þó að reyna svara kalli KSÍ að bæta afreksstarf eldri iðkenda. Það verður gert með aukaæfingum í litlum hópum bæði á fótoltavelli sem og í styrktarsal. Það verður gert með aukinni fræðslu um t.d. íþróttasálfræði, næringafræði og leikfræði. Árið 2016 vorum við að prófa okkur aðeins áfram að taka upp leiki á myndbandsvél. Stefnan er að gera það markvissara en með því að taka upp leiki geta iðkendur horft á sjálfan sig og lært af. Þjálfarar geta verið með myndbandsfundi til að auka leiksskilning iðkenda.

Aðstaðan hefur batnað til muna frá aldarmótum. Boginn breytti íþróttinni í heilsársíþrótt og gervigrasið gerði það að verkum að við gátum unnið markvissara starf með 11-manna flokkana allt árið. Það er þó ljóst að við megum ekki sofna á verðinum heldur gera kröfu á að aðstaðan haldi áfram að verða betri þannig við verðum ekki á eftir. Boginn á þriðjudögum og fimmtudögum er svo þéttsetinn að líklega eru ekki margir fótoltavellir í heiminum svo vel nýttir. Má þar nefna að oft eru um 100 iðkendur á vellinum á sama tíma. Iðkendaspár fyrir næstu ár hljóma upp á fleiri iðkendur og því æskilegt að við fáum enn betri aðstöðu á KA-svæðinu til að getað haldið áfram að bjóða upp á þjálfun í hæsta gæðaflokki.

Aðalbjörn Hannesson

yfirþjálfari yngriflokka KA í knattspyrnu

KA

YNGRI FLOKKAR



- 8. FLOKKUR - ÁRG. 2010 & YNGRI
- 7. FLOKKUR - ÁRG. 2008-2009
- 6. FLOKKUR - ÁRG. 2006-2007
- 5. FLOKKUR - ÁRG. 2004-2005
- 4. FLOKKUR - ÁRG. 2002-2003
- 3. FLOKKUR - ÁRG. 2000-2001
- 2. FLOKKUR - ÁRG. 1997-1999



BADMINTON & TENNIS

ÞAÐ ER FRÍTT AÐ ÆFA BADMINTON OG TENNIS HJÁ KA Á VORÖNN 2017

Badminton:

Mánudaga: Íþróttahöllin kl. 16:00-17:00 - Unglingar, 10-20 ára

Þriðjudaga: KA-húsið kl. 18:00-19:00 - Unglingar

Sunnudaga: KA-húsið kl. 11:00-12:00 - Krakkar, 6-10 ára

Tennis:

Sunnudaga: KA-húsið 9:00-11:00 - Allir aldurshópar

*Spaðar og boltar á staðnum fyrir þá sem vilja.
Bara mæta í íþróttagallanum!*



8. FLOKKUR ÁRGANGAR 2010 & YNGRI

Sumarið byrjaði með krafti hjá 8. flokk þar sem u.þ.b. 60 strákar og 30 stelpur mættu á fyrstu útiæfingu sumarsins. Með hálfan völl stilltum við upp 12 stöðvum, 9 þjálfarar með yfir 90 krakka. Þetta kallaði á mikið skipulag og leitaði, sá sem skrifar, í glósumnar úr viðburðastjórnun til þess að taka á þessu verkefni. Það skilaði sér, fjöldinn helst vel út allt sumarið, sem var með eindæmum gott í veðri.

8. flokkur fór á tvö mót yfir sumarið, það fyrra var Strandarmót Sæplast á Árskógsströnd (9. júlí) en þangað fórum við með alls 10 lið (7 stráka og 3 stelpu) en alls voru 25 lið á mótinu. Árangurinn þar var með eindæmum góður og gleðin skein úr hverju andliti á leiðinni heim. Seinna mótið var Kiwanismót Völsungs (13. ágúst) á Húsavík þangað fórum við með 8 lið (5 stráka og 3 stelpu). Mótið var undir lok sumarvertíðarinnar og það er óhætt

að segja að framfarirnar hafi verið hreint ótrúlegar frá því í byrjun sumars. Á mótinu mátti sjá flott samspil, þrumuskot (meir að segja sláin inn!), rennitæklingar og markmannsskutur hjá kröksegja sláin inn!). rennitæklingar og markmannsskutur hjá kröksegja sláin inn!). rennitæklingar og markmannsskutur hjá kröksegja sláin inn!).

Þjálfarar voru Sindri Már Stefánsson, Skúli Bragi Magnússon, Atli Fannar Írisarson, Andri Freyr Björgvinsson og Brynjar Bjarnason hjá drengjunum. Hjá stúlkunum voru það Egill Heinesen, Anna Rákel Pétursdóttir, Harpa Jóhannsdóttir og Saga Líf Sigurðardóttir, sem sáu um þjálfunina.

7. FLOKKUR ÁRGANGAR 2008 & 2009

STÚLKUR

Í 7. flokk stúlkna voru 63 stelpur að æfa hjá KA, sem er nákvæmlega sami fjöldi og sumarið 2015. Það er mjög ánægjulegt að sjá hve stúlkum er að fjölga gífurlega hjá yngri flokkum KA. Sumarið var mjög skemmtilegt og það getum við þakkað þeim frábæru krökkum (fædd 2008 og 2009) sem mættu á æfingar. Fyrsta mót sumarsins var í boði KA, þar sem Krókurinn hefur stækkað svo mikið síðustu ár og öll gistipláss þar full þá var 7. flokks keppnin í kvennaflokki færð inná Akureyri. 25.-26. júní fór því fram Íslandsbankamótið á KA velli. Þangað mættum við til leiks með 51 stelpu í alls 8 liðum. Mótið heppnaðist í alla staði virkilega vel. Stelpurnar stóðu sig eins og hetjur og fögnuðu ófáum sigrunum þessa helgi. Foreldrar og aðrir sjálfbóðaliðar sem hjálpuðu til við mótið eiga hrós skilið fyrir frábæra vinnu. Þann 10. júlí héldum við á Strandamótið á Árskógsströnd með 6 lið og það fór ekki milli mála að steldurnar voru í miklu leikformi frá því á Íslandsbankamótinu. Helgina 5.-6. ágúst var svo komið að Þæ-



jumótinu á Siglufirði en þar er gist tvær nætur og því um að ræða mikil tímamót á knattspyrnuferli þeirra stelpna sem voru að fara í fyrsta skipti. Þangað fóru 40 stelpur í 7 liðum, þar sem tekin var ákvörðun frá fyrstu mínútu um að setja bullandi stemmingu í fyrsta sæti og þannig var það frá upphafi til enda. Tilfinningarússíbaninn tók stelpurnar alla leið þar sem þær upplifðu sigra, töp, gleði, sorg,



jafntefli, heimprá, spennu, vináttu, samstöðu og fögnuð svo eitthvað sé nefnt, en það er lífsreynsla sem þær taka allar með sér inní framtíðina. Það eru árgangar eins og þessi sem staðfesta það að framtíðin er björt.

Það vantaði ekki fyrirmyndirnar í þjálfarateymi 7. flokks kvenna þar sem að leikmenn Þór/KA voru í miklum meirihluta; þær Sandra María Jessen, Harpa Jóhannsdóttir, Anna Rakel Pétursdóttir, Saga Líf Sigurðardóttir og Æsa Skúladóttir. Aðrir þjálfarar voru Skúli Bragi Magnússon og Anton Orri Sigurbjörnsson.

DRENGIR

Það voru um 70 piltar sem æfðu knattspyrnu fimm sinnum í viku í 7. flokki karla í sumar. Þjálfarateymið var gríðarlega vel mannað og var gleðin við völd, en það er það sem skiptir mestu máli á þessum aldri. Siguróli Sigurðsson, Egill Ármann Kris-


tinsson, Jónatan Magnússon, Atli Fannar Írisarson, Andri Freyr Björgvinsson og Steingrímur Eiðsson þjálfuðu flokkinn og höfðu í nóg að snúast.

Fyrsta mót sumarsins og jafnframt það stærsta var Norðuráls-mótið upp á Akranesi. Þangað hélt KA með 10 lið sem kepptu í mismunandi stykrleikaflokkum. Það gekk vel og voru piltarnir KA til sóma, innan sem utan vallar. Þetta er alvöru keppnisferð og stendur mótið frá föstudagsmorgni fram á sunnudag og er mikið af leikjum, matur í mótuneyti og sundferðir. Á þessu móti fá margir sína eldskírni á fótboltaföstudögum og því sem fylgir.

Í byrjun júlí var keppt á hinu árlega Strandarmóti á Árskógsandi. Strandarmótið er dagsmót og er keppt fullt af leikjum á stuttum tíma. Það hentar drengjum á þessum aldri mjög vel, lítil bið á milli leikja og nóg af fótbolta. Tæpum mánuði síðar eða

NÝTT 2017

AKUREYRI – KEFLAVÍK BEINT FLUG ÚT Í HEIM



Í tengslum við millilandaflug verður flogið sex sinnum í viku yfir vetrartímann og tvisvar í viku yfir sumartímann milli Keflavíkur og Akureyrar. Fyrsta flugið verður þann 24. febrúar 2017. Allar nánari upplýsingar á flugfelog.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



ICELANDAIR





Fiskidagshelgina er haldið á Sauðárkrók þar sem Króksmótið fer fram. Það er einnig „alvöru“ mót, tveir dagar, gíst í skóla og þess háttar. Það mót gekk vonum framár og eru piltarnir frá KA ekki aðeins flottir inn á vellinum, heldur einnig utan hans. Það sem stóð uppúr frá Króksmótinu var gott veður, en það var svokallað stuttbuxnaveður alla helgina.

Síðasta mót sumarsins var síðan Nikulásarmótið á Ólafsfirði. Það var háð í mikilli vætu, helgina áður en skólarnir hófu sitt starf á nýjan leik eftir sumarfrí. Þetta var síðasta mótið hjá helmingi drengjanna, sem gengu síðan upp í 7. flokk. Eins og á hinum mótunum var sömu sögu af segja af KA-strákunum sem spiluðu flottan fótbolta.

Nú er veturinn hafinn og um það bil 55 drengir æfa knattspyrnu þrisvar í viku í Boganum. Æfingar á virkum dögum hefjast kl. 14:00 og er það KA að þakka, sem keyrir strákana í Bogann og sækir þá eftir æfingar, með KA-rútunni. Það er bjart yfir þeim árgöngum (2009 og 2010) sem æfa hjá KA. Fótboltinn er nefnilega æðisgengið áhugamál.



6. FLOKKUR

ÁRGANGAR 2006 & 2007

STÚLKUR

Um fimmtíu stelpur stunduðu æfingar og keppni í 6. fl kvenna yfir vetrartímann. Helstu verkefni flokksins voru Stefnumót KA, Húsavíkurförð og Goðamót Þórs.

Þegar sumaræfingarnar byrjuðu bættist við hópurinn og endaði hópurinn í um 60 stelpum yfir sumarið. Það var ljóst að stelpurnar stunduðu æfingar vel því KA-liðin stóðu sig heilt yfir mjög vel á tveimur stærstu 6. fl mótunum yfir sumarið. Fyrri mótið var Landsbankamótið á Sauðárkróki og það seinna Síamótið í Kópavogi. Stærsta afrekið var þó að KA var með næst flest lið á þessum mótum á eftir Breiðablik en átta lið frá KA voru á báðum þessum mótum. Stelpurnar tóku einnig þátt á Hnátumóti KSÍ þar sem KA-lið sigurðu alla getuflokka í Norður- og Austurlandskeppninni ásamt því að þær fóru á Þæjumótið á Siglufirði.

Þjálfarar flokksins yfir allt tímabilið voru Alli, Skúli Bragi og Andri Freyr en þeim til viðbótar þjálfuðu Harpa Jóhanns, Æsa Skúla, Saga Líf og Arna Kristins. Þjálfarnir binda miklar vonir við að þessar stelpur haldi áfram á sömu braut þar sem þetta er einstaklega skemmtilegur hópur þar sem margar geta náð langt í fótboltanum.

DRENGIR

Það var nóg að gera hjá strákunum í 6. flokki síðasta sumar. Í kringum 60 strákar mættu á hverja æfingu í sumar og voru alltaf 5-6 reynslumiklir þjálfarar með þeim. Þjálfarar flokksins voru Sævar Pétursson, Pétur Kristjánsson, Jónatan Magnússon, Atli Fannar Írisarson, Andri Freyr Björgvinsson og Brynjar Ingi Bjarnason.

Sumaræfingarnar voru varla byrjaðar þegar skundað var á Selfoss með yngri árið. Alls fóru 30 strákar í 5 liðum og voru flest liðin ofarlega í sínum styrkleika.

Í lok júní var svo farið með eldri árið á hið sívinsæla Orkumót í Eyjum. Þrjátíu og fjórir strákar skiptu sér í 4 lið og var spilaður fótbolti, farið í rútuferðir, sprangað, dalurinn skoðaður úr báti og margt margt fleira. Árangurinn var ágætur og enduðu flest lið ofarlega. Til að toppa allt saman þá kom hópurinn heim með stærsta bikarinn sem var í boði, Þrúðasta lið mótsins.



Rétt eftir heimkomu úr Eyjum fengum við þær fréttir að við ættum að senda 2 lið á N1 mót okkar KA manna og var öllum boðið að taka þátt í því frábæra verkefni. Ásóknin í það lét ekki á sér standa og langstærsti hluti hópsins var tilbúinn að taka þátt og sýna sig gegn eldri strákum og á stærri völlum. Árangurinn var þó misjafn og var stærsti sigurinn reynslan sem var samstundis lögð í bankann til að vera tekin út á næsta ári.

Króksmótið var haldið í byrjun ágúst á Sauðárkróki og sendum við 10 lið til leiks á það magnaða mót. Skemmst er frá því að segja að við gerðum mjög góða hluti þar og tryggðum okkur sæti á verðlaunapalli í flestum styrkleikum.

Íslandsmótið var svo haldið í þrem hlutum, undankeppni á KA vellinum þar við sendum yngra árið okkar til leik, undankeppni á Blönduósi þar sem eldra árið fékk að spreyta sig og að lokum úrslitakeppni Norður- og Austulands sem var haldinn á Egilsstöðum. Þar voru við búnir að tryggja okkur réttinn til að senda 5 lið og enduðum við í efsta sæti í A, B og C liðum.

Einnig var farið á minni mót í sumar eins og Strandarmótið á Árskógsströnd og Nikulásarmótið í Ólafsfirði. Við vorum eins og á öðrum mótum hérna Norðulands með langflesta iðkendur en það var gleðin sem einkenndi þessi mót eins og svo oft áður.

5. FLOKKUR ÁRGANGAR 2004 & 2005

STÚLKUR

Í sumar voru um 30 stelpur að æfa með 5. flokk og þjálfarar voru þau Egill Ármann Kristinsson, Sandra María Jessen og Æsa Skúladóttir.

KA sendi 4 lið til keppni á Íslandsmóti 2 A-lið og 2 B-lið. Þær fóru einnig á Þæjumót í vestmanneyjum sem og Síamótið í Kópavogi.

Þæjumótið: Þar voru 3 lið send til leiks. Þetta mót er snemma á sumrin og gaman að sjá stelpurnar þjappa sér betur saman sem og hafa gaman. KA 2 gerði sér lítið fyrir og varð í 2 sæti í sinni keppni.

Síamótið: Þar sendum við 4 lið til leiks. Hæst ber að nefna að lið KA 4 vann sína keppni eftir hetjulega baráttu allt mótið.

Íslandsmóti. Þar komst KA 1 áfram í undanúrslitariðil þar sem þær spiluðu fanta vel en stiga söfnun var dræm og þar við sat.

Flottur hópur sem þarna var á ferð og margir skemmtilegir einstaklingar sem vonandi halda áfram knattspyrnuíðkun á sínum forsendum.





5 fl. DRENGIR

Sumarið 2016 tók 5. flokkur karla þátt í Íslandsmóti eins og venjan er, við sendum 9 lið til þátttöku í Norður- og Austurlandsriðli.

Gengið var eins og svo oft áður, misjafnt en í heildinda litið voru þjálfarar nokkuð sáttir. Fjögur af liðinum okkar tryggðu sig áfram í úrslitakeppni yfir allt landið, ein keppnin fór fram á heimavelli okkar, ein í Keflavík og tvær í Reykjavík. Því miður náðu engin lið á verðlaunapall þetta árið en spilamennskan og viljinn alveg til fyrirmyndar.

Að sjálfsögðu tókum við þátt í N1 mótinu okkar og vorum við einnig með níu lið þar. Eins og ávallt er mótið mikil skemmtun og gleði frá fyrsta degi til lokadags. Hart er barist inn á vellinum og lítið sem ekkert gefið eftir til að ná úrslitum og komast sem lengst á mótinu. Þegar uppi var staðið var árangurinn góður, fimm lið fóru í 8 liða úrslit og þrjú af þeim enduðu á verðlaunapalli, tvö brons og eitt silfur. Einnig vorum við mjög ofarlega í heildarstiga keppni mótsins.

Í lok sumars voru þjálfarar hrikalega stoltir með framfarir og æfingavilja strákana eftir mjög lærdómsríkt ár.



4. FLOKKUR ÁRGANGAR 2002 & 2003

STÚLKUR

Það var frekar óvenjuleg byrjunin á starfinu hjá 4. flokki kvenna þetta sumarið. Í staðinn fyrir að vera með 2 árganga eins og tíðkast þá var tekin sú ákvörðun að stelpurnar á eldra árinu myndu æfa með 3. flokki og aðeins einn árgangur yrði eftir í þeim fjórða. Þjálfarar stúlnkanna voru Pétur Kristjánsson og Sandra María Jessen.

Senda átti eitt lið til leiks og spila í Norð- Austurriðli en strax í byrjun sumars kom í ljós að gífurleg fjölgun hefði átt sér stað í árgangnum og var því ákveðið að hafa tvö lið í Íslandsmóti. Árgangur var misgóður, annað liðið endaði í neðsta sætinu á meðan hitt liðið lauk keppni í 2. sæti eftir að hafa verið lengi í toppsætinu.

Annað sæti gaf okkur rétt til að spila umspilsleik um að komast í úrslitakeppnina og fengum við það verkefni að spila við Gróttu/KR á Blönduósi á ísköldu haustkvöldi. Stelpurnar að sunnan reyndust vera of stór biti fyrir okkur og tapaðist leikurinn 3-0. Þar skiði að munurinn á að annað liðið var með meiri reynslu á spila 11 manna bolta á meðan okkar stelpur voru að stíga sín fyrstu skref á stórum velli á þessu ári. Í júlímánuði var tekið fri frá Íslandsmótsleikjum og var tekin sú frábæra ákvörðun að taka þátt í alþjóðlegu móti í Reykjavík er kallast ReyCup. Sundlaugarpartý, ball á Hilton, hádegisverðir á Vox Restaurant, grillaðir hamborgarar í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum og langir göngutúrar til að kaupa sér ís var allt mjög spennandi en komst ekki nálægt þeirri skemmtun að spila 2-3 fótboltaleiki á dag í 4 daga. Brosið var í aðalhlutverki alla helgina en keppnisþrá skilaði nokkrum tárum og nóg var um takkaskó. Farið var á mótið með miklar væntingar og átti að taka þetta mót með trompi en eftir á var ákveðið að gleðin ætti að vera númer 1, 2 og 3. Og það markmið tókst.





INKASSO M



MEISTARAR 2016

4. fl. DRENGIR

Þjálfarar hjá drengjunum í 4. flokk í sumar voru þeir Egill Daði Angantýsson, Steingrímur Örn Eiðsson og Búi Vilhjálmur Guðjónsson.

Í sumar var 4.flokkur karla með fjögur lið á Íslandsmótinu þar sem spilað var bæði heima og að heiman við öll stærstu liðin á landinu. Eins og nokkur ár á undan var flokkurinn í efstu deild sem er ekki sjálfgefið. Virkir iðkendur hjá okkur voru um og yfir 50 strákar og æfðu menn afskaplega vel í allt sumar. Hópurinn fór m.a. í þrjár skemmtilegar helgarferðir suður þar sem spilaðir voru tveir leikir á lið og brallað margt skemmtilegt.

Árangur sumarsins var með ágætum þó svo að við hefðum allir viljað endað ofar í riðlunum. Við vorum óheppnir í byrjun sumars þar sem nokkuð var um meiðsli í hópnum sem bitnaði á leik liða okkar. En þegar liða fór á sumarið þá vorum við sjálfum okkur líkir og fórum að ná flottum úrslitum í öllum liðum. Það fór svo að A og B liðin hjá okkur enduðu um miðja deild en C liðin voru að berjast í efri hluta sinna riðla og það var vel.

Það sem eftir stendur var enn eitt afar skemmtilegt tímabil með flottum drengjum sem eiga sér flotta framtíð í fótboltanum ef þeir sinna honum af alúð og metnaði.



3. FLOKKUR

ÁRGANGAR 2000 & 2001



STÚLKUR

Hjá stúlkunum voru það Egill Ármann Kristinsson og Skúli Bragi Magnússon sem sáu um þjálfunina. Hópurinn var sá stærsti frá upphafi í 3.fl kvenna hjá KA. Alls sendum við 3 lið til keppni þar sem 2 lið spiluðu í A-riðli og 1 lið spilaði í norðu- austurlands riðli. A-lið flokksins spilaði einni í bikarkeppni norð austurlands. Fyrirfram mátti búast við smá brekku á Íslandsmótinu hjá þessum liðum, A-liðið átti erfitt með að safna stigum þrátt fyrir að leikirnir hafi oftast nær verið mjög jafnir eða við aðeins betri, þá datt þetta ekki okkar megin.

B-liðið var í sama pakka.

A2 -liðið sem var hérna fyrir norðan, áttu marga erfiða leiki en þær stóðu sig mjög vel sem og öll liðin.

Í bikarnum spilaði A-liðið í undanúrslitum á móti Tindastól þar sem var spilað heima og að heiman, þær unnu samanlagt þessa tvo leiki 12-1.

Þær spila svo til úrslita á móti Þór en sá leikur tapaðist 1-0.

Það sem þriðji flokkur tekur útúr þessu sumri er leikjafjöldinn sem hver og ein fékk. Samanborið við árið áður þá var hver og ein að spila 3-4 leikjum meira í ár.

Á lokahófi stelpnanna var Rósa Dís Stefánsdóttir valin leikmaður sumarsins og Brynja Marín Bjarnadóttir valinn KA kona sumarsins. En KA kona sumarsins er veitt þeim einstakling sem er alltaf boðin og búin til að hjálpa til og sama hver á í hlut og vera mikil KA kona.

3. fl. DRENGIR

Um fjórtíu drengir skipuðu 3. flokk karla á tímabilinu. Þeir æfðu vel hvernig sem viðraði yfir veturinn undir stjórn Alla, Bjarna Freys og Milo. Strákarnir tóku þátt í Stefnumóti KA í febrúar þar sem eitt af þremur liðum stóð uppi sem sigurvegari. Lokaundirbúningur flokksins fyrir sumarið var austurferð til Egilsstaða og heimsóknir frá Breiðablik og FH. Flokkurinn var því ágætlega undirbúinn þegar sumarið gekk í garð.

Þjálfarabreytingar voru í byrjun sumars en Anton Orri og Búi Vilhjálmur komu í þjálfarateymið með Alla sem var áfram frá vetrinum. Liðið senti þrjú lið til leiks í A-deild og léku því strákarnir meðal þeirra bestu. Eins og gengur og gerist voru sigrar, jafntefli og töp í bland en markmiðið var alltaf að bæta sig leik frá leik. Það má segja að það hafi tekist en strákarnir sýndu flottan stíganda enda samheldinn og flottur hópur. A-liðið var lengi vel í baráttu að komast í úrslitakeppnina en náðu því ekki þegar upp var staðið. Þeir gerðu þó engin feilspor í bikarkeppni Norður- og Austurlands þar sem þeir sigurðu þór í undanúrslitum og sameiginlegt lið Austurlands í úrslitaleiknum. B-liðið stóð sig þó liða best í flokknum þar sem þeir gerðu sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar. Þeir lentu 2-0 undir gegn Víking í undanúrslitum en okkar menn settu þá fimm mörk og unnu öruggan sigur. Í úrslitaleiknum mættu þeir Stjörnunni þar sem okkar menn áttu frábæran fyrri hálfleik og leiddu 2-0. Bæði lið skoruðu eitt mark í seinni hálfleik og Íslandsmeistaratitillinn 3. flokks B-liða vannst því annað árið í röð. Angantýr Máni Gautason átti flott tímabil en hann var markakóngur A-deildar og valinn besti leikmaður liðsins. Eypör Ernir Pálsson fékk viðurkenningu fyrir mestu framfarir og Agnar Ingi Bjarkason var valinn KA-maður flokksins. Flottir strákar sem og félagar þeirra í flokknum sem eiga bara eftir að eflast í framtíðinni.



2. FLOKKUR ÁRGANGAR 1999 - 1997

Þjálfarar flokksins 2016 voru Míló og Steini Eiðs. Æfingar hófust í byrjun október og var æft af miklum krafti fram í miðjan desember. Í byrjun janúar hófst Kjarnafæðismótið og tók 2.fl þátt þar og enduðu í 3 sæti síns riðils með 9 stig og réðust úrslit í þeim riðli á markatölu þar sem liðin í 1-3 sæti voru öll með 9 stig. Áfram héldu æfingar af krafti þar sem undirbúningur fyrir A deildina var á fullu en 2.fl KA lék þar að nýju eftir nokkura ára fjarveru.

Spilaðir voru æfingaleikir reglulega og farin var æfingaferð suður með vorinu.

Áður en Íslandsmótið hófst varð sú nýbreyttni að KA sameinaði 2.fl með Dalvík/Reyni og léku strákarnir okkar þá undir merkjum KA/Dalvík/Reynir. Með þessu áttu strákarnir möguleika á að leika með mfl. Dalvík/Reyni í 3.deild ásamt því að leika með 2.fl KA í A-deildinni.

Megin tilgangur þessa sameiningar er að strákarnir fái að kynnst meistaraflokksbolta og þeirri líkamlegu áreynslu og krafti sem þar er. Fengu nokkrir strákar þar sína eldskírni í meistaraflokksbolta sem er flott í reynslubankann.

Íslandsmótið hófst 16 maí með suðurferð og 2 leikjum. Eins og vitað var kannski fyrirfram var lengi vel á brattan að sækja í A-deildinni. Spiluðu strákarnir oft á tíðum virkilega flottan bolta bæði A og B lið. Á liðið endaði sumarið með 5 sigrum, 4 jafnteflum og 9 tapleikjum. B liðið endaði sitt sumar með 4 sigrum 1 jafntefli og 11 töpum. Sárt fall í B deild staðreynd þar sem aðeins munaði 1 stigi. En þrátt fyrir fall var þetta mjög lærdómsríkt sumar sem fer í reynslubankann hjá þessum flottu og efnilegu strákum. Það eina sem er í boði er að fara strax aftur í A deildina.


2.flokkur tók þátt í bikarkeppninni og fóru alla leið í 8-liða úrslit þar sem við töpuðum 1-0 á útivelli fyrir Fram.





Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Um leið þökkum við fyrir góð
samskipti á árinu.



Við þökkum fyrir frábær
Stefnumót á liðnu ári
og hlökkum til að sjá ykkur á
enn fleiri Stefnumótum.



stefna 
hugbúnaðarhús

www.stefna.is



KEPPNISTÍMABIL 2.FLOKKS KVENNA ÞÓR/KA

2016

” Það er ansi mikill ljómi yfir tímabilinu 2016 hjá 2.fl kvenna hjá okkur. Stelpurnar lögðu ansi mikið á sig fyrir þetta tímabil og því var það stór stund og stór áfangi þegar þær urðu íslandsmeistarar.

Það kom fyrir að það var erfitt að manna flokkinn í erfiðar helgarferðir þar sem þurfti að spila 2 leiki á 2 dögum og reyna að ná úrslitum. Það skal þó koma skýrt fram að stelpurnar settu sér þetta markmið fyrir löngu síðan. Löngu fyrir jó! Þ.e. að vinna íslandsmeistaratitilinn. Reyndar ætluðum við líka að vinna bikarmeistaratitilinn en það gekk nú ekki eftir þetta árið. Það er kannski bara ágætt að dreifa þessu milli ára. Unnum hann jú eftirminnilega í fyrra.

Margir halda að framtíðin sé björt þegar 2.flokkur félags vinnur titla. Það er rétt. FH er gott dæmi enda unnu þær þennan titil í fyrra og stóðu sig svona hrikalega vel í Pepsi deildinni árið eftir. Það er nefnilega hægt að byggja á því að rækta 2.flokk. Sumir gleyma því.

Við hjá ÞórKA búum svo vel að við gátum boðið okkar 2.flokks stelpum uppá sömu þjónustu og aðstöðu og meistara-flokki félagsins. Sami þjálfari, sama aðstaða, sami aðbúnaður og því voru gerðar kröfur.

Stelpurnar stóðu vel undir því og meira til. Þær stóðu sig gríðarlega vel í leikjum sumarsins og taflan lýgur ekki neitt.

11 sigrar, 1 jafntefli og 2 töp. Þetta verður ekki mikið meira sannfærandi. 48 mörk skoruð og 16 fengin á sig. Eignum markadrottningu sumarsins hjá 2.fl á landinu hana Margréti Árnadóttur og langfæst mörk fengin á okkur!





**„ÞAÐ ER NEFNILEGA HÆGT AÐ BYGGJA Á ÞVÍ
AÐ RÆKTA 2.FLOKK. SUMIR GLEYMA ÞVÍ.“**

Íslandsmeistaratitill verður ekki unninn mikið meira sannfærandi og ber það vott um frábæran efnivið okkar hjá ÞórKA. Stelpurnar eru svo vel að þessu komnar að það hálfa væri nóg!

Bikarkeppni sumarsins stefndi í að vera jafnmikil sigurganga en eftir að hafa tapað fyrir sterku liði Breiðabliks í undanúrslitum þá verðum við að sætta okkur við einn titil á þessu ári. Svona í samhengi sögunnar þá líklega er það ekki alsæmt!

ÞórKA er félag sem hefur metnað og á að gera kröfur á afrek. Afrek 2.flokksins í sumar stendur fyllilega undir þeim væntingum sem við gerum til þeirra og því ber að fagna. Framtíðin er greinilega björt!

Stelpurnar, Jói og Moli vilja þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg þetta tímabilið með fórnfúsu starfi. Kvennaráð og knattspyrnudeild, Tinna og aðrir sjúkrapjálfarar, Ragga Run og Birna Bald, styrktaraðilar, vallarstarfsmenn, foreldrar og bara allir þeir sem hjálpuðu okkur t.d. við framkvæmd heimaleikja, myndatökur, fréttir og fleira. Óskum þeim sömu og auðvitað knattspyrnuáhugafólki öllu gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári.

„FRAMTÍÐIN ER GREINILEGA BJÖRT!“



BLAKDEILD KA

”...FRÁBÆR ÁRANGUR HJÁ KRÖKKUNUM OKKAR ENDA
ÁSTUNDUN ÞEIRRA ALVEG TIL FYRIRMYNDAR.“



”

Starf blakdeildar KA hefur verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Um 50 krakkar eru við æfingar hjá deildinni sem sendi lið á öll mót sem fram fóru á vegum BLÍ og urðu stelpurnar í 3. flokki Íslandsmeistarar í B deild. Meistaraflokkar KA eru byggðir upp á ungum krökkum sem hafa spilað lengi saman. Á síðasta tímabili komust bæði karla- og kvennaliðin í undanúrslit bikarkeppninnar og fór svo að karlaliðið sigraði HK í úrslitaleik sem fram fór í Laugardalshöllinni. Karlaliðið gerði svo enn betur og komst alla leið í loka-leiki úrslitakeppninnar þar sem þeir töpuðu í oddaleik eftir magnað úrslitaeinvígi við HK.

Síðasta ár hefur KA átt nokkra fulltrúa í blaklandsliðunum. Ævarr Freyr Birgisson, Valpór Ingi Karlsson, Alda Ólína Arnarsdóttir og Hildur Davíðsdóttir tóku þátt í A-landsliðsverkefnum. Valpór Ingi, Hildur, Þórarinn Örn Jónsson, Unnur Árnadóttir og Arnrún Eik Guðmundsdóttir fóru á haustdögum með U-19 á NEVZA mót og náðu stelpurnar þeim frábæra árangri að verða í 3. sæti. Þórarinn Örn fór einnig með U-17 á samkonar mót. S.l. vor fóru mörg blaklandslið í keppnisferð til Ítalíu. Þangað fóru stelpurnar sem hér að ofan eru taldar sem og Hristíyan Dimitrov og Sólrún Hulda Sigtryggisdóttir. Nú nýverið var í fyrsta sinn í sögu BLÍ valið U-16 ára kvennalið sem er á leið til Danmerkur 18. desember n.k. Þær Andrea Þorvaldsdóttir, Jóna Margrét Arnarsdóttir, Ninna Rún Vésteinsdóttir og Sóley Karlsdóttir eru fulltrúar Blakdeildar KA í þeim hópi. Þetta er aldeilis frábær árangur hjá krökkunum okkar enda ástundun þeirra alveg til fyrirmyndar.

Undanfarin ár hefur blakíþróttin verið að sækja í sig veðrið á Norðurlandi og þá sérstaklega hér á Akureyri. Mikill áhugi er á öldungablaki og var haldið nýliðanámskeið í haust fyrir 20 ára og eldri þar sem færri komust að en vildu. Segja má að sprenging hafi orðið í strandblakinu síðustu tvö



sumur, en sjálfboðaliðar hafa lagt mikla vinnu í að byggja upp strandblakaðstöðu í Kjarnaskógi í samvinnu við skógræktina og Akureyrarbæ. Óhætt er að segja að sú aðstaða er með þeim betri á landinu og hafa vellirnir verið mjög vel nýttir yfir sumarmánuðina. Áfram verður unnið við að breyta og bæta aðstöðuna í Kjarnaskógi.

Það er ljóst að mikla sókn þarf í yngriflokkastarfið til að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur undanfarin ár. Iðkendum þarf að fjölga til muna og bæta þarf þá aðstöðu sem þeim er boðin til iðkunar. Eins og fram kemur hér að ofan eru tækifærin mörg í blakinu og hver og einn iðkandi mjög mikilvægur. Þrátt fyrir að vera ungir að árum hafa margir iðkendur blakdeildar KA spilað saman í 10 - 12 ár og náð feikna góðum árangri bæði með sínu frábæra félagsliði KA og landsliðunum. Blakdeild KA stefnir á enn frekari sókn og að keppa um titla á sem flestum vígstöðvum.





HANDBOLTINN Í KA

YNGRI FLOKKAR

Á árinu 2016 hefur töluvert drifið á daga yngri flokka handknattleiksdeildar KA. Alls æfðu um 250 krakkar handbolta með KA og KA/Þór veturinn 2015-2016 og kepptu í Íslandsmóti, allir nem 8. flokkurinn. Fyrir tímabilið var í fyrsta sinn ráðinn þjálfari í 100% stöðu hjá yngri flokkunum og var það Stefán Guðnason sem reið á vaðið sem yfirþjálfari deildarinnar, sem og þjálfari hjá yngstu flokkunum og 3. og 4. flokki kvenna. Eins og margir vita tefla KA og Þór fram sameiginlegu liði í öllum kvennaflokkunum undir nafninu KA/Þór og síðan í meistara- og 2. flokki undir nafni Akureyrar Handboltafélags.

Ágætis árangur náðist í keppnum á Íslandsmóti og í bikarkeppnum. Í KA er einn efnilegasti handboltaárgangur landsins en það eru piltar fæddir árið 2002 en þeir urðu Íslandsmeistarar annað árið í röð, án þess að tapa leik. Svo sannarlega frábær árangur. Fjórði flokkur kvenna náði í undanúrslit í bikarkeppninni og fjórði flokkur karla eldra ár lenti í 3. sæti í efstu deild og duttu út í undanúrslitum Íslandsmótsins, og sömuleiðis datt yngri árið út í undanúrslitum úrslitakeppninnar.

Yngstu flokkarnir, þ.e. 6. og 7. flokkur kepptu á Íslandsmótum í Reykjavík en þar eru spiluð á bilinu 3-5 túrningar yfir veturinn. Oftar en ekki er það færð á vegum og veðráttan sem ræður því hversu mörgum mótum KA tekur þátt í en þessir flokkar voru einnig óvenju fjölmennir, sérstaklega strákamegininn.

Í upphafi vetrar 2016 var Jónatan Magnússon ráðinn yfirþjálfari yngri flokka í fullt starf, ásamt því að taka við þjálfun meistaraflokks kvenna í handbolta hjá KA/Þór. Jónatan sér um þjálfun yngstu flokkanna (7. og 8. flokkanna) sem og 3. flokk kvenna. Starfið hefur farið vel af stað og er nokkur fjölgun iðkenda, eða um 10%. Öll lið taka þátt í Íslandsmótum á vegum HSÍ eins og venjan er. Alls eru 11 þjálfarar að störfum hjá KA, ásamt ungum og efnilegum handboltakrökkum sem eru til aðstoðar í yngstu flokkunum en gríðarleg ánægja er með hveru mikil fjölgun hefur orðið í yngstu flokkunum en oft eru iðkendur yfir 50 talsins í 8. flokki. Sú nýbreytni var einnig höfð á í ár að krakkar í 1.-4. bekk æfa á bilinu 13:30-16:30 á daginn, þannig að „vinnudagurinn“ hjá þeim sé sem stytur.

Fjölmarginir iðkendur voru boðaðir á landsliðsæfingar í sínum aldursflokki frá KA og KA/Þór á árinu 2016 en aðeins tveir þeirra náðu þeim árangri að spila leik fyrir landsliðið. Það voru þeir Dagur Gautason og Jónatan Marteinn Jónsson. Einnig hafa tveir drengir fengið að spila sína fyrstu meistara-flokksleiki þrátt fyrir að vera ennþá í 3. flokki og það eru þeir Sigþór Gunnar Jónsson og Dagur Gautason.

Þá lét Jón Árelíus Þorvaldsson af störfum sem formaður unglingaráðs eftir langt og farsælt starf fyrir félagið. Honum verður seint þakkað framlag sitt til handboltans hjá KA. Við keflinu tók Heimir Örn Árnason.



KA/ÞÓR

Kvennalið meistaraflokks KA/Þórs lenti í 11. sæti í Olís-deild kvenna veturinn 2015/16. Vegna fjölgunar liða og deilda féllu 7 lið úr deildinni og var KA/Þór eitt af þeim. Gunnar Ernir Birgisson hætti sem þjálfari liðsins og hurfu nokkrir leikmenn suður yfir heiðar til þess að freista gæfunnar með öðrum liðum og stunda nám. Þetta voru m.a. þær Birta Fönn Sveinsdóttir, Arna Einarsdóttir, Hulda Tryggvadóttir og Laufey Höskuldsdóttir. KA/Þór leikur nú í 1. deild kvenna undir stjórn þeirra Jónatans og Þorvaldar Þorvaldssonar. Nokkrar stúlkur ákváðu að setja reimarnar aftur í handboltaskónna og freista gæfunnar með liðinu. Það hefur reynt vel en þetta eru þær Martha Hermannsdóttir, Erla Tryggvadóttir, Sandra Kristín Jóhannsdóttir og Katrín Vilhjálmsdóttir. Þá barst liðinu liðstyrkur að sunnan þegar þær Kara Rún Árnadóttir og Kolbrún Gígja Einarsdóttir fluttu aftur heim til Akureyrar. Liðið situr eins og er í 4. sæti 1. deildar kvenna, aðeins tveimur stigum frá toppsætinu. Liðið hefur ekki enn tapað leik á heimavelli og verður fróðlegt að fylgjast með þeim á nýju ári.

Halldór Karlsson tók við sem formaður deildarinnar á vormánuðum af honum Hjalta Hreinssyni. Hjalta eru þökkuð góð og vel unnin störf fyrir deildina og félagið.

AKUREYRI HANDBOLTAFÉLAG

Akureyri Handboltafélag, samstarfsverkefni KA og Þór í meistara- og 2. flokki hefur leikið í efstu deild karla. Á

síðasta tímabili lenti liðið í 8. sæti deildarinnar og lék við deildarmeistara Hauka í 8-liða úrslitum. Liðin unnu sitthvorn heimaleikinn og þurfti oddaleik til þess að útkljá einvígið. Þar sigruðu Haukar, sem fóru síðan alla leið og urðu Íslandsmeistarar.

Tveir Litháar voru fengnir til liðs við Akureyri fyrir veturinn í vetur og leika þeir í sitthvorri skyttustöðunni. Annars er liðið að miklu leyti byggt upp á ungum leikmönnum frá KA og Þór. Liðið fór illa af stað í upphafi móts og hafa verið gríðarlega óheppnir með meiðsl. Liðið hefur reyndar verið á miklu skriði upp á síðkastið en þrátt fyrir það sitja þeir í 8. sæti með 11 stig eftir 15 leiki. Sverre Andreas Jakobsson þjálfar liðið.

Ungmennalið Akureyrar tekur þátt í 1. deild karla, ásamt Hömrnum frá Akureyri og hafa bæði liðin verið að veita „stóru“ liðunum að sunnan hörku keppni, án þess þó að krækja í mikil úrslit eða mörg stig. Liðin mættust innbyrðist í nóvember á Akureyri þar sem spilað var að gamni upp á „Akureyrameistaratitil“. Ungmennaliðið sýndi Hömrnum í tvo heimana og sigruðu með einu marki og hömpuðu þar með Akureyrameistaratitil í fyrsta sinn.

Það er því að nóg að taka þegar kemur að handboltanum á Akureyri. Til gamans má geta að öll liðin hér að ofan leika heimaleiki sína í KA-heimilinu og hvetjum við alla lesendur til þess að gera sér ferð í KA-heimilið á nýju ári og styðja handboltaliðin okkar í baráttunni.



ÓSKUM YKKUR
GLEÐILEGRA JÓLA
& FARSÆLDAR Á NÝJA ÁRINU

ÁFRAM KA



PEKKING



SAMHERJI



Þínar þarfir - okkar þjónusta



TOYOTA
AKUREYRI



**Aðventan og hátíðarnar
eru skemmtilegur tími og
í mörgu að snúast.**


Við óskum þér og þínum
gleðilegra jóla og góðrar
skemmtunar við jólaundir-
búninginn.

SJÓVÁ



GLEÐILEG JÓL

ÞÖKKUM SAMSTARFIÐ



**toppmenn
& sport**



Skipagötu 1 · Akureyri · 461 1855
www.toppmenn.is · toppmenn@toppmenn.is

Græjur og tól fyrir gleðileg jól

Næst þegar þú verslar hjá Vodafone getur þú tekið þátt í jólaeik þar sem veglegir vinningar eru í boði. Alls verða 13 vinningar, einn vinningur fyrir hvern jólasvein sem mætir í verslanir okkar og dregur út sigurvegara. Kertasníkir ætla að vera sérlega gjafmildur á aðfangadag og gefa glænýjan iPhone 7.

Hjá okkur finnur þú eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Kíktu við í næstu verslun eða skoðaðu vöruúrvalið í jólabæklingi Vodafone.



5 GB

á mánuði í 6 mánuði í kaupauka

Vinningur í jólaeiknum!

Vodafone VR gleraugu fylgja með Vodafone Platinum 7

Vodafone Platinum 7

Verð **79.990 kr.**

5,5" skjár, 2K, fingrafaraskanni.



5 GB

á mánuði í 6 mánuði í kaupauka

Vinningur í jólaeiknum!

iPhone 7

Verð frá **124.990 kr.**

4,7" skjár, 3D Touch, 12 MP myndavél í HD.



3F2 tilboð

FLAVR Ugly Christmas

Verð **1.790 kr.**

Skemmtileg símahulstur í anda ljótu jólapeysanna á 3 fyrir 2 tilboði.



Smart Piano Light snjallpíanó

Verð **39.990 kr.**

Með því að tengja snjalltæki við píanóið getur þú lært að spila á píanó.



Vinningur í jólaeiknum!

Fjarstýrðir snjallbílar

Verð **4.990 kr.**

Stýrðu bílnum með snjalltækinu þínu. Virkar bæði í Apple og Android.



Vodafone
Við tengjum þig

Miklu meira jólaúrval á vodafone.is



Óskum Akureyríngum og nærsveitamönnum

gleðilegra jóla

og farsæls komandi árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu


ÁSPRENT


STÍLL


STELL

Glerárgötu 28 – Sími 4 600 700

Gleðilega hátíð

JÓNSSON & LEMMINGS - JÚL - 9A

